

Viðmið við mat á doktorsumsóknum

Við mat á umsóknum liggja reglur Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands og reglur Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands.

Einnig „**Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms**“, sem samþykkt voru á háskólafundi í apríl 2012, sérstaklega eftirfarandi liður:

„4.2 Faglegar kröfur til leiðbeinenda í doktorsnámi

Leiðbeinandi skal að jafnaði

- hafa lokið doktorsprófi eða jafngildi þess á viðkomandi fagsviði. Hæfnisdómur fyrir starf prófessors getur komið í stað doktorsprófs,
- vera viðurkenndur og virkur sérfræðingur á viðkomandi fagsviði,
- vera í virkum tengslum við innlent og alþjóðlegt vísindasamfélag og kynna það fyrir nemendum sínum,
- hafa birt ritmíðar sem m.a. tengjast verkefni nemanda, á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur,
- hafa sýnt fram á ritvirkni, mælda í rannsóknastigum skv. matskerfi opinberra háskóla, sem nemur a.m.k. 15 rannsóknastigum á ári úr tilteknum flokkum matkerfisins (svonefndum aflstigum) eða sem nemur 30 heildarrannsóknastigum að meðaltali sl. 3 ár. Stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms er heimilt að víkja frá þessari kröfu þegar sérstaklega stendur á²,
- hafa reynslu af leiðsögn í doktorsnámi, t.d. með setu í doktorsnefndum, eða umtalsverða reynslu af leiðbeiningu í rannsóknatengdu meistaranámi,
- hafa umtalsverða reynslu af öflun sértekna frá viðurkenndum rannsóknasjóðum,
- hafa umtalsverða reynslu af rannsóknasamstarfi með alþjóðlega viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi fagsviði utan Háskóla Íslands.“

² Dæmi um slíkt er ef leiðbeinandi uppfyllir ekki kröfu um annað hvort rannsóknastig eða aflstig en uppfyllir vel aðrar faglegar kröfur. Þetta á t.d. við um reynda vísindamenn sem eiga að baki farsælan rannsóknaférl og leiðbeiningarreynslu.

Almenn viðmið við úthlutun:

- Miða skal við að doktorsnámið taki ekki meira en 3-4 ár frá innritun að vörn.

Mat á verkefnum:

- Að öllu jöfnu skulu tveir óháðir sérfræðingar (einn fyrir utan sérfræðing í fagráði) meta hverja umsókn áður en að umfjöllun fagráðs kemur.
- Gæta skal þess að yfirlesari sé sérfræðingur á fræðasviði umsóknar.
- Enn fremur skal meta tengsl verkefnis við fræðasvið leiðbeinenda.

Leiðbeinandi:

- Ritvirkni leiðbeinanda sl. 5 ár.
- Um styrkhæfi umsækjenda gilda reglur sjóðanna. Í þeim tilfellum þar sem aðalleiðbeinandi er utan Háskóla Íslands skal umsýjónarkennari í deild uppfylla þessar reglur. Í þessum tilfellum skal meta sérstaklega ávinning Háskóla Íslands af samstarfinu.
- Leiðbeinandi sem hefur doktorsnema á styrk, sem hefur ekki lokið námi sínu á tilætluðum tíma miðað við reglur viðkomandi deildar, getur ekki vænst þess að fá styrk úr sjóðunum í 5 ár nema nemandinn útskrifist.
- Leiðbeinandi getur aðeins haft þrjá nemendur á styrk úr sjóðunum í einu.

Nemandi:

- Ritvirkni nemanda.
- Umsóknir þar sem akademískir starfsmenn háskóla eru nemendur lenda

neðarlega í forgangsröðun við úthlutun styrkja.

- Nemandi skal hafa að lágmarki fyrstu einkunn í grunnnámi og framhaldsnámi.

Einkunn umsóknar:

- Fyrir verkefni: Byggir á umsögn og mati fagráðs.
 - Fyrir virkni leiðbeinenda: Byggir á mati ritvirkni og leiðbeiningarreynslu (taka skal tillit til þerra kennara sem eru að hefja feril sinn).
 - Fyrir nemanda: Byggir á námseinkunnum fyrir grunnnámi og meistaranámi, annarri reynslu og birtingum. Hægt er að leita eftir umsögnum meðmælenda.
-

Styrkir eftir leið b: Skilyrði fyrir veitingu styrks:

Til að tryggja að þeir doktorsnemar sem hljóta styrk eftir leið b uppfylli sömu kröfur og þeir sem hljóta styrk eftir leið a setur vísindanefnd eftirfarandi skilyrði fyrir styrkveitingunni:

1. Styrkurinn skal auglýstur.
2. Vísindanefnd metur hvort stúdent uppfylli kröfur um styrkþega sjóðsins í samræmi við viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands og reglur viðkomandi deildar.

Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt fellur styrkveiting niður.

Tilkynna skal nefndinni um hvaða stúdent hefur orðið fyrir valinu fyrir **10. ágúst ár hvert**.

Með þessari tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- Ítarleg starfsferilsskrá stúdents – þar með talin staðfest námsferilsskrá við háskóla og ritaskrá.
- Röðun nemanda í einkunnadreifingu við viðkomandi háskóladeild, bæði í grunn- og framhaldsnámi.
- Tvö meðmælabréf.
- Afrit af auglýsingu ásamt upplýsingum um hvar hún birtist.

Að öðru leyti er vísað til:

- Reglur viðkomandi deildar og Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands
- Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands

Niðurstaða skal liggja fyrir í síðasta lagi 1. september styrkárið.